

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. maí 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits.

Breytingin felst m.a. í að svæðið verði tekið undir blandaða byggð fyrir verslun, þjónustu og íbúðir. Á svæðinu verða 4 lóðir, tvær lóðir fyrir íbúðarhús sem verða 3.300 m² og 3.800 m², lóð Skagavers og lóð fyrir verslunarmiðstöð sem verða samtals 27.700 m².

Tillagan var auglýst samkv. 25. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

F. h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar, 9. júlí 2004.

Guðný J. Ólafsdóttir.